alþýðu-blaðið

Útgefandi Alþýðuflokkurinn
Ritstjórn Alþýðublaðsins er að Síðumúla 11, sími 81866. Auglýsingadeild blaðsins er að Hverfisgötu 10, sími 14906 — Áskriftarsími 14900.

FÖSTUDAGUR 7. OKTÓBER 1977

Haustsýning FÍM að Kjarvalsstöðum

— Guðmundur Benediktsson, myndhöggvari, sérstakur gestur sýningarinnar

Á morgun laugardag verður opnuð á Kjarvalsstöðum Haustsýning Félags íslenzkra myndlistarmanna. Sýningin er mjög fjölbreytt og eru sýnd 123 myndlistaverk eftir fjörtíu og einn listamann. Af þeim eru tuttugu og tveir félagar í Félagi íslenzkra myndlistarmanna en nítján utanfélagsmenn og sýna nokkrir þeirra nú í fyrsta sinn á Haustsýningunni. Mikið ber á litlum myndum sem fróðlegt er að bera við stærri verkin.

Á sýningunni eru myndvefnaður, keramik, glermyndir, grafik af ýmsu tagi, krítarmyndir, olíuverk, vatnslitamyndir, myndverk gerð með blandaðri tækni, höggmyndir eða skúlptúrverk auk annars konar hráefnis.

Sérstakur gestur sýningarinnar verður Guðmundur Benediktsson myndhöggvari, og sýnir hann 11 verk gerð á árunum '76 og '77; verkin eru öll úr eir og að sögn Guðmundar hefur hann eingöngu unnið verk sín úr eir síðastliðin fimm ár. Guðmundur fæddist í Reykjavík árið 1920. Um þrítugt gerðist hann nemandi Ásmundar Sveinssonar í Myndlistarskólanum, sem nú er til húsa við Freyjugötu (Ásmundarsal). Guðmundur gerðist félagi í Félagi íslenzkra myndlistarmanna árið 1957 eða fyrir réttum tuttugu árum. Hann hefur alla tíð unnið fyrir félag sitt, en auk þess starfað að sýningarhaldi hjá Listaráði Kjarvalsstaða. Guðmundur hefur tekið þátt í fjölda myndlistarsýninga bæði hér heima og erlendis.

Haustsýning FÍM 1977 stendur frá 8.-23. október að Kjarvalsstöðum. Hún er opin virka daga frá kl. 16.00-22.00 nema laugardaga og sunnudaga frá kl. 14.00-22.00. Verð aðgöngumiða er kr. 400.

—KIE



Guðmundur Benediktsson við eitt verka sinna á sýningunni. AB mynd —KIE

BSRB skipuleggur viðtæka verkfallsvörzlu

Sameiginlegur fundur stjórnar, samninganefndar og verkfallsnefndar BSRB ákveður að skipuleggja viðtæka verkfallsvörzlu bæði á vegum bandalagsins svo og einstakra bandalagsfélaga. Skipulag og yfirstjórn verði nánar ákvarðað af verkfallsnefnd BSRB.

Hlutverk verkfallsvörzlunnar verði að koma í veg fyrir verkfallsbrot bæði af hálfu viðsemjenda bandalagsins og annarra og að fylgjast með því að hvergi sé farið út fyrir löglegar ákvarðanir kjaradeilunefndar eða undanþáguheimildir verkfallsnefndar.

Samkvæmt lögum á kjaradeilunefnd að tryggja „að haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörzlu og heilsugæzlu". Hún skal ákveða „hvaða einstakir menn skuli vinna í verkfalli".

Í greinargerð með lagafrv. er þetta verksvið þrengt enn þá meira, því að þar er einungis miðað við „að öryggi og heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu".

BSRB telur allar undanþágur umfram þetta tilheyra samtökunum en vill leggja áherzlu á, að góð samvinna takist milli BSRB og kjaradeilunefndar um lausn þessara mála og um mörkin í verkaskiptingunni þeirra á milli.

Allar beiðnir um undanþágur þurfa að berast skrifstofu BSRB skriflega, og munu þær afgreiddar á vegum verkfallsnefndar bandalagsins að fenginni umsögn bandalagsfélaganna.

Þórshöfn á Langanesi:

Mikið byggt

— Hér er mikið byggt og hefur verið svo í sumar, sagði Bjarni Aðalgeirsson við Alþýðublaðið í gær. — Bæði eru einstaklingar að byggja, og einnig hefur sveitarfélagið verið að byggja þrjár leiguíbúðir, auk þess sem verið er að byggja viðbótarhúsnæði við skólann. Þá hefur verið hafizt handa um byggingu fyrsta áfanga húss fyrir aldraða á Þórshöfn.

Bjarni sagði, að leiguíbúðirnar væru 100 fermetrar að stærð, raðhús. Viðbótin við skólann ætti hins vegar í framtíðinni að verða eldhús og bókasafn, en yrði fyrst í stað notað til að fullnægja þörf skólans fyrir aukið kennslurými.

Byggð verða þrjú fjögurra íbúða hús á Þórshöfn fyrir aldraða. Hver íbúð verður 45 fermetrar og sameiginleg aðstaða fyrir íbúana að koma saman. Húsin verða á mörkum lóðar heilsugæzlustöðvarinnar og eru byggð sameiginlega af þrem hreppum, Þórshafnar-, Svalbarðs- og Sauðaneshrepps.

— hm.

2411 útlendingar búsettir á Íslandi

Um síðustu áramót voru búsettir hér á landi tvö þúsund fjögur hundruð og ellefu útlendingar, það er aðilar með ríkisborgararétt í öðru landi, en ekki íslenzkan. Þar með voru ekki taldir starfsmenn erlendra sendiráða.

Fjölmennastir voru Danir, því þeir voru þá 789, þar með taldir Færeyingar, sem hér búa, en þeir eru að jafnaði nokkuð margir.

Næst þeim koma Bandaríkjamenn (423) en þar eru talin nokkuð mörg börn, sem eru af íslensku móðerni, en bandarísku faðerni.

Norðmenn voru hér 227, Bretar 223 og V-Þjóðverjar 212.

Alls voru þessir útlendingar frá fimmtíu og einu landi, sumir langt að komnir, því þrjátíu og sjö voru ástralskir, einn kínverskur, einn Malaysiubúi, tvær konur frá Tanzaníu og einn frá Perú, svo eitthvað sé talið.

Að sögn útlendingaeftirlitsins eru tölur þessar þó mjög óáreiðanlegar, því hreyfingar á þessum útlendingum eru miklar.

— hv

Enginn skipapóstur til Bandaríkjanna

Vegna verkfalls hafnarverkamanna í Bandaríkjunum hefur afgreiðsla á skipspósti nú verið felld niður um óákveðinn tíma, að því er segir í tilkynningu frá bandarísku póststjórninni.

Skipapóstur verður því ekki sendur héðan til Bandaríkjanna meðan verkfallið stendur yfir, en flugpóstssendingar verða með eðlilegum hætti.

Rætt við sveitarstjórann á Þingeyri:

„Við blæðum fyrir hið einhæfa atvinnulíf"

— Hér hefur verið ágætt atvinnuástand að undanförnu og ekki fyrirsjáanlegt annað en það haldist áfram, nema eitthvað sérstakt komi til, sagði Jónas Ólafsson, sveitarstjóri á Þingeyri, í samtali við blaðið í gær.

Talsvert hefur verið um aðkomufólk í vinnu á Þingeyri í sumar, bæði í fiskvinnu og byggingarvinnu, og vantar alltaf fólk til starfa þar. 1 togari er á Þingeyri og nokkrir smærri bátar og hefur afli þeirra verið ágætur.

Sveitarfélagið hefur staðið að byggingu þriggja leiguíbúða á þessu ári og eru þær nú að mestu tilbúnar. Fáein íbúðarhús önnur eru í smíðum. Þá er verið að reisa nýtt skólahús á Þingeyri, en af öðrum opinberum framkvæmdum nefndi sveitarstjórinn „þetta venjulega sem allir eru að fást við", þ.e. gatna- og holræsagerð. Einnig standa yfir hafnarframkvæmdir á staðnum og hefur verið gerður nýr viðlegukantur.

Nokkur steypuvinna er enn eftir við höfnina, en einnig þarf að dýpka höfnina meðfram nýja viðlegukantinum. Heildarkostnaður við hafnarframkvæmdirnar er talinn nema 104 milljónum króna. Jónas Ólafsson kvað hin bættu hafnarskilyrði, sem skapast á Þingeyri vegna þessa, vera vel þegna, en ekki bjóst hann við að fjölgaði í flota Þingeyringa á næstunni í framhaldi af því. Heimamenn myndu ekki ráða við að vinna meiri afla, en nú þegar bærist á land, nema því aðeins að bæta við fólki.

„Okkur vantar alltaf fólk"

— Hingað vantar alltaf fólk í vinnu, sagði Jónas. Við höfum fengið meira en nóg af þeim áróðri sem haldið er fram víða um þessar mundir, að við úti á landi lifum í vellystingum á kostnað „þéttbýlisins fyrir sunnan". Við lifum mannsæmandi lífi hérna og hér eru yfirleitt þokkalegar tekjur. Þénustan á skuttogaranum er vissulega ágæt, en ekki er hægt að alhæfa allt út frá henni. En þegar kemur að félagslegu hliðinni, þá stöndum við langt að baki t.d. Reykjavíkursvæðinu og því er alltof oft gleymt, af einhverjum orsökum.

— Íbúum hérna fjölgar mjög hægt og má ef til vill segja að gæti þar vissrar stöðnunar. Alvarlegast er að við missum alltaf unga fólkið frá okkur. Við blæðum fyrir hið einhæfa atvinnulíf sem er hér, eins og svo víða í hliðstæðum plássum, sagði sveitarstjórinn á Þingeyri að lokum.

— ARH